

40

8. marz

4. gr.
Ekki má veita fé úr sjóðnum, fyrr en hann er orðinn allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Sjóðinn má aldrei tæma alveg, heldur efla áfram, og jafnan verja í anda þeirrar fórnufúsu konu, sem hann er stofnaður til minningar um, það er til hjúkrunarstarfa.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og skulu 3 tilnefndir af Kvenfélagi Hellissands, en 2 af hreppsnefnd Neshrepps.

Stjórnin skal kosin til þriggja ára í senn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Neshrepps utan Ennis.

8. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hellissands og nágrennis.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

41

10. marz

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð.

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.70
—	10 g til 20 g	—	1.10
—	50 g	—	1.30
—	100 g til 200 g	—	1.45
—	½ kg	—	1.80
—	1 kg til 2 kg	—	2.55
—	5 kg	—	3.10
—	10 kg	—	4.30
—	20 kg	—	5.40

2. Metaskálar.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	18.00
—	5 kg eða minna	—	21.60
—	10 kg eða minna	—	25.00
—	20 kg eða minna	—	29.00
—	30 kg eða minna	—	30.00
—	yfir 30 kg	—	36.00

3. Borðvogir jafnarma.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	21.00
—	5 kg eða minna	—	25.00
—	10 kg eða minna	—	29.00

Vogarþol 20 kg eða minna	kr. 36.00	41
— 30 kg eða minna	— 43.00	10. marz
— yfir 30 kg	— 54.00	
4. Tugavogir og hundraðsvogir.		
Vogarþol 100 kg eða minna	— 20.00	
— 200 kg eða minna	— 25.00	
— 300 kg eða minna	— 27.00	
— 500 kg eða minna	— 32.00	
— 600 kg eða minna	— 35.00	
— 1000 kg eða minna	— 40.00	
— 2000 kg eða minna	— 50.00	
— yfir 2000 kg	— 80.00	
Fyrir löggildingu á reisluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir decimalvogir með sama vogarþoli og auk þess 15 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.		
5. Reislur án mundangs.		
Vogarþol 3 kg eða minna	kr. 7.50	
— 10 kg eða minna	— 11.00	
— 20 kg eða minna	— 15.00	
— 50 kg eða minna	— 18.00	
— 100 kg eða minna	— 22.00	
— 300 kg eða minna	— 26.00	
og auk þess kr. 1.20 fyrir hverjar 20 skerðingar.		
6. Kvarðar.		
Fyrir hvern kvarða, sem löggiltur er, kr. 4.00, auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 50 aura, en ef sentimetranum er skipt í mm fyrir hvern cm kr. 0.30.		
7. Mæliker.		
Stærð 1 dl og 2 dl	kr. 2.25	
— ½ lítri	— 3.50	
— 1 og 2 lítrar	— 4.50	
— 5 lítrar	— 10.00	
— 10 lítrar	— 15.00	
— 20 lítrar	— 20.00	
— 50 lítrar	— 30.00	
Enn fremur aukagjald fyrir hvern benzinmæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 35.00.		
8. Síldarmæliker 150 lítrar	kr. 72.00	
— 300 lítrar	— 144.00	
— löndunartæki með 4 hólfum hvert fyrir 150 lítra ...	— 268.00	
— löndunartæki með 4 hólfum hvert fyrir 300 lítra ...	— 576.00	

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlóð.		
Þyngd 50 g eða minna	kr. 0.60	
— ½ kg eða minna	— 1.20	
— 5 kg eða minna	— 1.80	
— yfir 5 kg	— 2.50	
2. Vogir.		
Vogarþol 5 kg eða minna	— 5.00	
— 30 kg eða minna	— 10.00	

41	Vogarþol 100 kg eða minna	kr. 15.00
10. marz	— 300 kg eða minna	— 20.00
	— 600 kg eða minna	— 25.00
	— yfir 600 kg	— 40.00
3.	Kvarðar.	
	Lengd $\frac{1}{2}$ m til 1 m	— 1.50
4.	Mæliker.	
	Stærð $\frac{1}{2}$ lítri eða minna	— 1.50
	— yfir $\frac{1}{2}$ lítri	— 2.40
	Síldarmál 50 lítrar til 150 lítrar	— 25.00
	— 300 lítrar	— 50.00
	Löndunartæki 150 til 300 lítrar	— 75.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, eða á hinum reglu-
legu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn Lög-
gildingarstofunnar, kr. 6.00 um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meir
en kr. 48.00 á dag, að viðbætti lögmaetri verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925,
um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 179 31. des. 1946, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. marz 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

42

12. marz

REGLUGERÐ

fyrir Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk skólans.

1. gr.

Hlutverk skólans er að ala upp hæfar hjúkrunarkonur og mennta þær sem bezt
til þess að vinna hjúkrunarstörf hér á landi.

II. KAFLI

Stjórn skólans.

2. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Forstöðukona skólans hefur umsjón með starfi og rekstri skólans, svo og eftir-
lit með kennurum og nemendum.

4. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans.